



ÁSLANDSSKÓLI - FRÉTTABLAÐ

FLÓRGOÐINN

Námsmat

Meðal efnis í þessum Flórgoða:

- Mat á starfinu
- Samræmd könnunarpróf
- Brosbók
- Vetrarfrí
- Sprogpiloter
- Samkeppni um merki kirkju
- Tækni-LEGO
- Könnun um líðan
- Gangbraut—bílar
- Foreldraráð-skólaráð
- Frá foreldrafélaginu
- Um íþróttir og sund

GÓÐI segir:



Ég ætla að passa uppá að námsmatsmappan mín verði til fyrirmyndar í alla staði.

Kæru nemendur foreldrar / forráðamenn

Námsmat getur farið fram með mismunandi hætti allt eftir ákvörðun hvers skóla fyrir sig. Umfang þess skal þó að jafnaði vera í samræmi við umfang kennslu í viðkomandi grein. Það er alltaf kennarinn sem ber ábyrgð á námsmatinu og sér um að meta nemandann.

Þróun námsmats í Áslandsskóla hefur átt sér stað að undanförunu og byggir á því að námsárangur nemandans er metinn jafnt og þétt yfir allan námstímann.

Að mínu mati tel ég að slíkt mat stuðli að því að jafna nám nemandans þannig að hann læri jafnt og þétt allan námstímann. Ég tel einnig að með því ættum við að geta minnkað streitu nemenda og prófstress, sem hingað til hefur að vissu leyti verið árstíðabundið mál í skólum landsins.

Í Áslandsskóla eru ekki stórar og þungar próflotur og stærrí og meiri próf koma ekki til sögunnar fyrr en undir lok skólagöngunnar fyrir nemendur í unglingadeild.

Tilgangur námsmats er að kanna að hve miklu leyti nemandinn hefur tileinkað sér þá færni sem getið er um í Aðalnámskrá, skólanámskrá eða bekkjavísi í viðkomandi grein.

Að mínu mati stendur námsmat undir nafni þegar kennari ræðir eða ritar um frammistöðu nemandans. Hrósar því sem vel er gert, bendir á athyglisverða hluti og kemur með ábendingar um það sem mætti bæta og þá leiðir til úrbóta.

Námsmatsmappa var kynnt í fyrsta Flórgoða sem og á skólakynningum.

Námsmatsmappan fór fyrst heim haustið 2007 og hefur verið í stöðugri þróun síðan.

Mappan fer heim 6 sinnum á skólaárinu en vitnisburður uppá gamla mátan fer nú einungis heim að vori.

Hróður námsmatsmökkunnarhefur borist víða og hefur starfsfólk skólans kynnt hana í öðrum skólum í nærsveitum.

Námsmatsmappan fer í fyrsta skipti heim með nemendum á þessu skólaári í lok september.

Bestu skólakveðjur
Leifur S. Garðarsson

Skólastjóri

(pistla skólastjóra má líka finna á www.aslandsskoli.is)

Í Áslandsskóla göngum við hægra megin um skólann

Könnun um líðan

Mánudaginn 20. október og þriðjudaginn 21. október verður könnun um líðan lögð fyrir nemendum Áslandsskóla.

Úrvinnsla könnunar fer síðan fram hjá nemendaverndarráði skólans sem í kjölfarið gerir aðgerðaráætlun.

Könnun um líðan verður síðan aftur lögð fyrir í byrjun febrúarmánaðar 2009.

Foreldraráð Skólaráð

Í nýjum grunnskólalögum er kveðið á um stofnun skólaráðs, en það kemur í stað foreldra- og kennararáðs við skólann.

Menntamálaráðuneytið á eftir að gefa út reglugerð með lögnum hvað þetta varðar og reynðar fleiri atriði.

Þangað til sú reglugerð lítur dagsins ljós mun formið í Áslandsskóla verða óbreytt, þ.e. foreldraráð áfram starfrækt.

Brosbókin BYR

Brosbókin er hluti af sjálfsmati í Áslandsskóla en hún er afrakstur þróunarvinnu kennara skólans.

Brosbókin fór fyrst heim með nemendum í 1. – 3. bekk í janúar 2004, en núna haustið 2008, eru allir nemendur í 1. – 7. bekk með Brosbók.

Með Brosbókinni er leitast við að vinna á markvissan og sýnilegan hátt með hornstoðir skólans, skólaheitið og dygðimar.

Markmiðið með þessari bók er að draga fram og styrkja jákvæða hegðun og upplýsa heimilin um hvernig nemendum gengur að temja sér þá þætti sem Áslandsskóli hefur að leiðarljósi.



Sýnum tillitssemi

Mikil umferð er í kringum skólann árla dags þegar um 500 nemendur og kringum 70 starfsmenn leggja leið sína í Áslandsskóla. Því miður hefur þó nokkuð borið á því að gangbrautir eru ekki virtar, þ.e.a.s. að bílstjórar stöðva ekki bifreið sína til að hleypa gangandi vegfarendum yfir. Jafnvel hefur komið fyrir að það þurfi fullorðinn einstakling til að ganga aðeins út á götuna til að fá bíla til að stöðva. Þá getum við líka gert betur þegar nemendum er hleypt út fyrir framan skólann, jafnvel eru dæmi um að stöðvað sé á miðri gangbraut.

Einnig skal minnt á að skólabíllinn á ákveðið bílastæði fyrir framan skólann.

Þetta er mál sem fullorðna fólkið leysir með því að sýna tillitssemi og gott fordæmi í umferðinni.

Vetrarfrí í Áslandsskóla

Vetrarfrí er í Áslandsskóla mánudaginn 27. október og þriðjudaginn 28. október.

Þá daga hlaða nemendur og starfsfólk skólans orkustöðvarnar með leyfi frá skóla.

Heilsdagsskólinn verður lokaður þessa daga.

Samræmd könnunarpróf

Samræmd könnunarpróf verða lögð fyrir nemendum í 4. og 7. bekk í október.

Nemendur þreyta próf í íslensku fimmtudaginn 16. október og stærðfræði föstudaginn 17. október.

Próftími í báðum prófum er frá klukkan 9:30-12:00.

Sigga Lísa á Sprogpiloter

Sigríður Elísabet Ragnarsdóttir, dönskukennari í Áslandsskóla hefur verið valin til að taka þátt í Sprogpiloter verkefninu.

"Sprogpiloter" er verkefni til að mennta kennara til að taka á móti nemum í vettvangsnámi frá KHÍ. Um er að ræða þrjú norræn námskeið þar sem KHÍ getur sent þrjá kennara á hvert námskeið.

Nú þegar hafa verið haldin tvö námskeið og sex kennarar hafa farið frá Íslandi. Næsta námskeið verður haldið á Voksenåsen í Noregi dagana 6. - 10. október og fer Sigga Lísa þangað. Nánar er hægt að lesa sér til um verkefnið og námskeiðin á heimasíðu verkefnisins

www.sprogpiloter.dk.

Tækni-LEGO námskeið

Framundan eru tvö Tækni-LEGO námskeið í skólanum.

Annað námskeiðið verður fyrir nemendur í 2. og 3. bekk en hitt fyrir nemendur í 4. til 7. bekk.

Nemendur í viðkomandi árgöngum hafa fengið bréf heim með sér um námskeiðin en þar eru upplýsingar um kostnað og dagskrá.

Á námskeiðinu verða um 100 kíló af tækni-LEGO-kubbum. Kennslan er einstaklingsmiðuð og krakkarnir læra að nota t.d. tannhjól, gírun, mótora og fleira og fá aðstoð við að skapa sín eigin módel.

Um íþróttir og sundtíma

Nemendur eiga allir að mæta í íþróttir og sund hvort sem þeir geta tekið að fullu þátt í kennslustund eða ekki.

Þeir nemendur sem geta ekki tekið þátt í kennslunni að fullu fá önnur verkefni á meðan.

Missi nemendur í 5.- 10. bekk af rútu eiga þeir að koma sér sjálfir til íþróttahúss/sundlaugar og teljast þeir þá hafa tekið þátt í tímanum og fá ekki fjarvist.

Nemendur í 1. – 4. bekk sem missa af rútu verða látir leysa verkefni í skólanum í staðinn

Matartorg í Áslandsskóla

Áslandsskóli hefur tekið í gagnið nýtt gagnvirkt vefkerfi til að annast skráningu nemenda í **mataráskrift og heilsdagsvistun**. Kerfið sem fékk nafnið Matartorg er hannað og smíðað af tölvufyrirtækinu Stefnu ehf. sem staðsett er á Akureyri.

Forráðamenn hafa fengið heimsend aðgangsorð að kerfinu.

Matartorg er auðveld leið fyrir forráðamenn til að skrá börn sín í mat og auðveldar einnig starfsfólki skólans að halda utan um skráningu barna í skólamötuneyti og eru forráðamenn beðnir að vera búnir að **skrá fyrir 01. október 2008**.

Þeir forráðamenn sem ekki hafa tök á að skrá börn sín í gegnum vefkerfið þurfa að láta ritara skólans vita og skráir ritarinn þá barnið inn í kerfið.

Notkunarupplýsingar:

Eftir innskráningu birtist "mín síða".

Til þess að skrá nemanda í mat er slegið á **skrá** sem er tákn aftast í línu hvers barns.

Athugið að það þarf að skrá hvert og eitt barn fyrir sig.

Til að sjá yfirlitsskráningu og matseðla er slegið á dagsetningu tímabils matseðilsins og í sömu línu sést hvenær búið er að **loka fyrir skráningu**.

Frá Foreldrafélagi Áslandsskóla

Hausttíðindi Foreldrafélags Áslandsskóla

Foreldrafélagið býður skólastjórnendum, kennara, nemendur og foreldra velkomna til starfa í skólann á nýjan leik. Sérstaklega bjóðum við nýja nemendur velkomna og forráðamenn þeirra. Um leið og börn þeirra hafa hafið störf í Áslandsskóla verða þeir sjálfkrafa félagsmenn í Foreldrafélaginu.

Foreldrafélagið vinnur nú að stefnumótun, stefnir félagið að því að í vor verði handbók félagsins orðin að veruleika og um leið verði starfsemi og tilgangur Foreldrafélagsins öllum félagsmönnum aðgengilegri en fyrr.

Foreldrafélagið hefur nú á haustdögum þegar fundað með skólastjórnendum og forstöðumanni Félagsmiðstöðvarinnar og verkefnisstjóra. Fundurinn var góður og gaf til kynna vilja til virks og góðs samstarfs allra aðila í vetur.

Foreldraröltið er þegar farið í gang. Hverfið okkar er orðið stærra en samt örugglega ekki jafnstórt og þegar við gengum Vellina líka á sínum tíma. Við biðjum foreldra að vera jákvæða þegar haft er samband vegna foreldraröltis og drífa sig í göngutúr og klæða sig bara eftir veðri. Á Íslandi eru engin veður vond - veðrið er bara mismunandi gott.

Enn vantar bekkjartengla í nokkra bekki og stefnt er að því að vinna í því máli og helst ljúka því á skólakynningunum sem nú eru í gangi. Við hvetjum því foreldra til að fjölmenna á skólakynningarnar, láta sig nám og störf barna sinna á öllum aldri varða, líka á unglíngastigi. Þau þarfnast okkar á öllum aldri þó þau fari að ýta okkur frá sér og vilji vera sjálfstæð. Það er ekki tímabært að sleppa strax. Öflugt foreldrastarf er besta forvörn sem til er og gerir einnig góðan skóla betri. Gefum kost á okkur til foreldrastarfa.

Foreldrafélagið hefur þegar fest sér miða á Jólatónleika Sinfó þann 20. desember kl. 17.00 og verða miðarnir niðurgreiddir. Fyrstir koma, fyrstir fá. Salan verður auglýst síðar, verið vakandi fyrir því þegar þar að kemur.

Endilega gerið ráð fyrir félagsgjöldum Foreldrafélagsins í heimilisbókhaldinu á næstunni. Við vonumst eftir sömu heimtum og á síðasta ári sem voru hreint frábærar og þökkum við það enn og aftur.

Skólafærninámskeiði fyrir foreldra barna í fyrsta bekk er nýlega lokið og tókst mjög vel. Þar var vel mætt sem er alltaf gleðiefni.

Foreldrafélagið kveður að sinni en stefnir að því að vera með fréttir í Flórigoðanum í vetur.

Bestu kveðjur og tilhlökkun til góðs vetrar.

F.h. Foreldrafélagsins

Hrafnhildur Ósk Broddadóttir, formaður Foreldrafélagsins og foreldri barna í 2. bekk og 8. bekk.



Kríúási 1
221 Hafnarfirði
Sími: 585 4600
Bréfsími: 585 4610
www.aslandsskoli.is
aslandss@ismennt.is

www.aslandsskoli.is

FLÓRGÓÐINN

**Fréttablað
Áslandsskóla**

Ábyrgð, hönnun, umbrot og skrif:
Leifur S. Garðarsson
skólastjóri